

Númer: 59/2018

Dreifibréf til fjármálafyrirtækja

Reykjavík, 4. desember 2018

Tilvísun: 2018100037

Efni: Viðmiðunarreglur EBA um hópa tengdra viðskiptamanna.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA) hefur gefið út viðmiðunarreglur (e. guidelines) sem varða starfsemi fjármálafyrirtækja, m.a. um útlánaáhættu og samþjöppunaráhættu. Tilgangur viðmiðunarreglna EBA er að koma á samræmdri, árangursríkri og skilvirkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálaeftirlitskerfisins og að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf um fjármálaþjónustu innan EES. Viðmiðunarreglurnar eru nánari útfærsla á ákvæðum tilskipana og reglugerða sem innleiddar hafa verið hér á landi með breytingum á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og stjórnvaldsfyrirmælum settum með stoð í þeim.

Með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði öðluðust svonefndar ESAs reglugerðir gildi hér á landi, þ.e. reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093 - 1095/2010 um að koma á fót evrópsku eftirlitsstofnununum EBA, ESMA og EIOPA. Í 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 um að koma á fót Evrópsku bankaftirlitsstofnuninni, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, er fjallað um viðmiðunarreglur og almenn tilmæli eftirlitsstofnunarinnar. Í 3. mgr. 16. gr. segir að lögbær yfirvöld og fjármálastofnanir skuli leita allra leiða til að fara að þessum viðmiðunarreglum og almennum tilmælum.

Viðmiðunarreglur EBA, auk viðmiðunarreglna annarra evrópskra eftirlitsstofnana, munu í kjölfar gildistöku laga nr. 24/2017 ekki verða teknar upp í leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins, nema sérstök ástæða þyki til. Fjármálaeftirlitið mun þess í stað birta á heimasíðu sinni dreifibréf þetta og slóð á enskar útgáfur viðmiðunarreglnanna ásamt stuttri umfjöllun um innihald þeirra. Fjármálaeftirlitið mun styðjast við viðmiðunarreglur EBA í eftirlitsframkvæmd, þar með talið vegna könnunar- og matsferlis stofnunarinnar (SREP), auk þess sem Fjármálaeftirlitið mun reglulega annast kynningar á efni þeirra.

Viðmiðunarreglur EBA um hópa tengdra viðskiptamanna byggja á ákvæðum IV. hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, svonefndrar CRR reglugerðar, sem tók gildi hér á landi með setningu reglugerðar um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja, nr. 233/2017. Fjármálaeftirlitið beinir því til fjármálafyrirtækja að kynna sér framangreindar viðmiðunarreglur EBA á heimasíðu eftirlitsins og að taka mið af þeim í starfsemi sinni.


Komist Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að um brot á lögum eða reglum sé að ræða gerir Fjármálaeftirlitið kröfu um úrbætur, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Þann 15. janúar nk. kl. 9.00 fer fram kynning á viðmiðunarreglum EBA varðandi hópa tengdra viðskiptamanna (e. connected clients). Kynningin fer fram í húsakynnum Fjármálaeftirlitsins að Katrínartúni 2, 3. hæð. Viðmiðunarreglurnar er að finna á heimasíðu EBA:


- <https://eba.europa.eu/regulation-and-policy/large-exposures/guidelines-on-connected-clients>

Áhugasamir skrái sig á kynninguna með því að senda tölvupóst með fjölda þátttakenda og nöfnum þeirra á fme@fme.is, með efninu: "Viðmiðunarreglur EBA vegna hópa tengdra viðskiptamanna".

Virðingarfyllst,
FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ



Finnur Sveinbjörnsson



Guðmundur Örn Jónsson